

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 2001

16. maí 2001

1053

Nr. 382

AUGLÝSING

um ný deiliskipulagssvæði frístundabyggðar í Dagverðarneslandi, Skorradalshreppi.

1) *Deiliskipulag frístundabyggðar á reit S4 í landi Dagverðarness.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 21. mars 1997, nýtt deiliskipulag af frístundabyggð á reit S4 í landi Dagverðarness, Skorradalshreppi, í Borgarfirði.

2) *Deiliskipulag frístundabyggðar á reit S5 í landi Dagverðarness.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 29. júní 2000, deiliskipulag frístundabyggðar á reit S5 í landi Dagverðarness, Skorradalshreppi í Borgarfirði.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagssvæði þessi öðlast þegar gildi.

Akranesi, 16. maí 2001.

F.h. Skorradalshrepps,

Bjarni O.V. Þóroddsson byggingafulltrúi.